

**75** hann svo vill, að gjöra tilraun til að fá bæjarfógetann í Reykjavík skyldaðan til með 1. júní dómi, að gefa út handa sjer borgarabrjef það, sem ræðir um í lögum nr. 28, 7. nóv. 1879 til hinnar umræddu verzlunar.

**76** Brjef landshöfðingja til biskupsins um stofnun nýs prestakalls. — Með 5. júní þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá 28 sóknarmönnum í Brautarholtssókn í Mosfellsprestakalli og 20 sóknarmönnum í Saurbæjarsókn í Reynivallaprestakalli, þar sem farið er fram á, að stofnað verði af nýju hið forna Kjalarnesþingaprestakall, ásamt yfirlýsingum hinna tveggja núverandi presta sókna þessara, tilboði aðstoðarprests sjera Ólafs Finnssonar um að gjörast prestur í hinum fornu Kjalarnesþingum, og loks brjefi hjeradsprófastsins um þetta mál, og þar með fylgandi útskrípt úr gjörðabók hjeradsfundarins í Kjalarnesprófastsdæmi 12. sept. 1887.

Út af þessu skal eigi látið hjá líða, að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg sje mjer eigi fært að sinna þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að sjera Þorkell Bjarnason á Reynivöllum hefur sett það skilyrði fyrir að sleppa Saurbæjarsókn, að hann fái eptirlaun sín reiknuð einnig af Saurbæjarsókn eptir sem áður, svo framarlega sem hann sækir um og fær lausn frá prestsskap sem prestur á Reynivöllum, en slíkt skilyrði verður ekki samrýmt við fyrirmæli gildandi laga um eptirlaun presta, enda álít jeg ísjárvert að samþykkja breytingar á skipun sókna og brauða, samkvæmt 4. gr. prestakallalaganna 27. febr. 1880, þegar það er fyrirsjáanlegt, að breytingarnar mundu hafa í för með sjer aukinn kostnað fyrir landssjóð.

**77** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um leyfi til að taka lán handa 6. júní Otrardals prestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 3. þ. m. veiti jeg hjer með samþykki mitt til, að presturinn að Otrardal í Barðastrandarprófastsdæmi, sjera Jósep Kr. Hjörleifsson, megi taka 500 kr. lán úr Söfnunarsjóði Íslands til þess að byggja upp bæjarhúsin að Otrardal, þannig, að lán þetta endurborgist á næstu 20 árum með 25 kr. afborgun á ári hverju auk vaxta, með þeim skilmálum:

að láni þessu verði einungis varið til þess að byggja upp nauðsynleg hús staðarins: baðstofu, bæjardyr, búr og eldhús;

að lán þetta megi ekki taka úr Söfnunarsjóðnum fyr en presturinn er búinn að sanna með löglegri skoðunar- og virðingargjörð úttektarmanna og hjeradsprófasts, sem senda ber stiptsyfirvöldunum, að tjeð staðarhús sjeu byggð upp, og að kostnaðurinn við bygginguna hafi numið að minnsta kosti 500 kr., og

að ofanefndur prestur eða dánarbú hans, þegar hann fer frá Otrardal eða deyr, skili nefndum húsum staðarins í góðu standi eða með fullu álagi eptir úttektargjörð.

Þetta tilkynnist hjer með hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.